

Auglýsing um afgreiðslu sveitarstjórnar Skútustaðahrepps á útgáfu framkvæmdaleyfis fyrir 1. áfanga að nýjum Dettifossvegi.

Umsókn Vegagerðarinnar, dags. 13. desember 2006, um framkvæmdaleyfi fyrir 1. áfanga að nýjum Dettifossvegi samkvæmt veglínu B, með síðari breytingum, hefur verið tekin fyrir á fundum sveitarstjórnar Skútustaðahrepps. Á fundi sveitarstjórnar hinn 26. apríl 2007 var samþykkt að veita Vegagerðinni fyrirnefnt framkvæmdaleyfi.

Framkvæmdin er í samræmi við svæðisskipulag miðhálandis 2015, staðfest af umhverfisráðherra 10. maí 1999, sbr. einnig úrskurð Úrskurðarnefndar skipulags – og byggingamála frá 26. apríl 2007. Úrskurðinn er hægt að nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins [www.myv.is](http://www.myv.is). Sveitarstjórn hefur kynnt sér matsskýrslu um framkvæmdina og kannað hvort framkvæmdin sé sú sama og þar er lýst. Um er að ræða þá framkvæmd sem lýst er í matsskýrslu með nokkrum breytingum til samræmis við álit Skipulagsstofnunar. Þá hefur sveitarstjórn tekið rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar, sbr. greinargerð sem samþykkt var á fundi sveitarstjórnar 6. mars 2007, en þar kemur fram hvers vegna ekki er farið að niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar. Greinargerðina er hægt að nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins [www.myv.is](http://www.myv.is).

Í niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum segir:

*“Í samræmi við það sem að framan greinir er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að í matsskýrslu hafi verið sýnt fram á nauðsyn nýs Dettifossvegur í ljósi ferðaþjónustu- og byggðasjónarmiða. Skipulagsstofnun telur að fyrirhuguð lagnin 1. áfanga Dettifossvegur milli Hringvegur og Dettifoss samkvæmt veglínu B og B2, sé ekki ásættanleg vegna verulegra einkvæðra, varanlegra og óafturkræfra áhrifa á jarðmyndanir, landslag og ásýnd svæðisins. Ennfremur hafa veglínur B/B2 samlegðaráhrif á þessa umhverfisþætti með Hólsfjallavegi austan Jökulsár á Fjöllum.*

*Skipulagsstofnun telur að fyrirhuguð lagning Dettifossvegur samkvæmt veglínunum A+B+D og A+C+D1 eins og þær eru kynntar í matsskýrslu séu ásættanlegar og muni ekki valda verulega neikvæðum og óafturkræfum áhrifum á landbúnað, menningarminjar, gróður, fugla, jarðmyndanir, landslag, náttúruverndarsvæði, ferðaþjónustu og útivist að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:*

- 1. Tryggt verði að samhlíða vegagerð og sem hluti af mótvægisáðgerðum vegna aukins fjölda ferðamanna með tilkomu Dettifossvegur þarf Vegagerðin í samráði við þjóðgarðsýfirvöld að gera áningarstaði og útskot við veginn. Einnig þarf Vegagerðin að lagfæra bílastæði og aðkomuvegi að þeim við Dettifoss og Hafragilsfoss, Hólmatungur, við upplýsingahús í Vesturdal og við Hljóðakletta, gera nýtt bílastæði og aðkomuveg að því við Ytra-Þórunnarfjall, og malbikaða göngustíga (frá bílastæðum) að Dettifossi, Ytra-Þórunnarfjalli og Hljóðaklettum.*
- 2. Vegagerðin þarf að skilgreina öryggis- og framkvæmdasvæði Dettifossvegur, í samráði við Umhverfisstofnun, eins þröngt og kostur. Vegagerðin þarf við endanlega hönnun vegarins að draga úr raski á landi, úr sjónrænum áhrifum og áhrifum vegna hávaða og ónæðis af umferð um veginn. Vegagerðin þarf að fela ummerki núverandi vegar eins og kostur er frá Hólmatunguafleggjara að Svinadalsháslí í samráði við Umhverfisstofnun.*
- 3. Vegagerðin þarf að lágmarka efnistöku úr námum A-3, A-4, C-4, C-5 og sleppa efnistöku úr námu C-3 ef þess er nokkur kostur. Vinnsla úr námum og frágangi vegna þeirra þarf að haga þannig að þær verði lítið áberandi frá nýjum vegi. Vegagerðin þarf að hafa samráð við Umhverfisstofnun um fyrirkomulag efnistökkunnar og frágang.*

4. *Vegagerðin þarf að fara að tillögum Fornleifaverndar ríkisins um mótvægisáðgerðir. Á veglinum D og D1 þarf að grafa könnunarskurði í garðlögin við Mariugerði, Tóveggjarstekk og Hæringsstaði og þarf fornleifafræðingur að vera á stöðunum til eftirlits meðan á framkvæmdum stendur. Ennfremur þarf að rannsaka tóftina við Hæringsstaði með fornleifauppgreftri verði veglína D1 valin. Afmarka þarf vörður á veglinum A og C meðan á framkvæmdum stendur.*
5. *Vegagerðin þarf að leggja fram og kynna áætlun um framvindu framkvæmdanna fyrir þjóðgarðsyrivöldu, íbúum í nágrenni framkvæmdasvæðisins og ferðamönnum.*
6. *Vegagerðin þarf að loknum framkvæmdum að hafa samráð við Umhverfisstofnun, þjóðgarðsvörðinn í Jökulsárgljúfum, Landgræðslu ríkisins, landeigendur og Skógrækt ríkisins um uppgræðslu og frágang svæðisins. Vegagerðin þarf að hafa samráð við skógarvörðinná Norðulandi vegna framkvæmdar í Meiðavallaskógi og endurheimta birkiskóg á a.m.k. jafnstóru svæði og því sem skerðist við vegalagningu í Meiðavallaskógi sbr.II. kafla, 6 gr. skógræktarlaga.”*

Á vef Skipulagsstofnunar, [www.skipulag.is](http://www.skipulag.is) er hægt að sjá álit Skipulagsstofnunar í heild sinni.

Framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar Skútustaðahrepps er kæránlegt til Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála og er kærufrestur einn mánuður frá birtingu auglýsingar þessarar.

Málsmeðferð er samkvæmt skipulags- og byggingarlögum.

Sveitarstjóri Skútustaðahrepps.